



HVAMMSVIRKJUN

SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR OG RANGÁRÞING YTRA

Deiliskipulagsbreyting

Dags. 189.05.2026



SAMÞYKKTIR

Deiliskipulagsbreyting þessi, hefur verið kynnt og auglýst samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum.

Breytingin var samþykkt af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann _____

f.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Breytingin var samþykkt af sveitarstjórn Rangárbings ytra þann _____

f.h. Rangárbings ytra

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsbreytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda _____

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

110597-GRG-001-V10~~09~~

HÖFUNDUR

IS

RÝNT

ÁJ, AB Eflu og SPP, ÓRK Landsvirkjun

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	5
1.1	Skipulagsgögn	5
2	FORSENDUR	6
2.1	Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029	6
2.2	Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028	7
2.3	Minjar	8
2.4	Vatnshlot á skipulagssvæðinu	9
3	DEILISKIPULAGSBREYTING	10
3.1	Helstu breytingar	10
3.2	Breytingar á greinargerð	10
3.2.1	Lóðir (Kafli 4.1)	10
3.2.2	Fiskivegir (Kafli 4.3.3)	11
3.2.3	Frárennislög/skurður (Kafli 4.3.6)	12
3.2.4	Vinnubúðir/Aðstaða verktaka (Kafli 4.5)	12
3.2.5	Raflínur/tengivirki (Kafli 4.4)	13
3.2.6	Veitur (Kafli 4.6)	13
3.2.7	Aðalvegir (Kafli 4.7.1)	14
3.2.8	Vinnuvegir og slóðar (Kafli 4.7.2)	15
3.2.9	Áningarstaður (Kafli 4.7.3)	16
3.2.10	Efnistökusvæði (Kafli 4.8.1)	16
3.2.11	Efnislosunarsvæði (Kafli 4.8.2)	18
4	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	19
4.1	Matsspurningar og viðmið	19
4.2	Umhverfisáhrif	20
4.2.1	Niðurstaða	20
5	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	20

1 INNGANGUR

Sett er fram breyting á deiliskipulagi Hvammsvirkjunar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Rangárþingi ytra.

Landsvirkjun hefur unnið að útboðshönnun á mannvirkjum tengdum Hvammsvirkjun í og við Þjórsá innan beggja sveitarfélaga. Ýmsar forsendur hafa breyst og er því gerð breyting á nokkrum þáttum deiliskipulagsins.

[Breyting skipulags verður tekin fyrir í báðum sveitarfélögum.](#)

Helstu breytingar á deiliskipulagi eru eftirfarandi:

- Nákvæm afmörkun Hagalóns liggur fyrir og er því breytt lítillega, stærð lóns þó lítt breytt.
- Felld er út afmörkun efnistökusvæða í Hagalóni sem fara undir vatn að framkvæmdum loknum. Efnistaka úr lónsstæðinu er heimil.
- Efnislosunarsvæði við Ölmóðsey minnkar og vegur þangað breytist vegna minja.
- Legu Þjórsárdalsvegur er breytt ásamt reiðleið með honum, heimiluð eru undirgöng undir veginn.
- Settur er inn áningarstaður við Hagalón. Heimilaður er annar tímabundinn áningarstaður á framkvæmdatíma.
- Legu vega innan svæðis er breytt lítillega og einhverjir vegir breytast úr vinnuvegi í varanlegan veg. Bætt er inn vegi að tengivirki.
- Reiðvegir um svæðið breytast.
- Legu háspennulína og rafstrengja er breytt lítillega. Á uppdrætti er felld út tímabundin færsla háspennulínu en færslan áfram heimil á framkvæmdatíma.
- Vatnstankur færast inn fyrir lóðamörk.
- Legu nokkurra vinnuvega er breytt lítillega.
- Sveitarfélagamörk eru leiðrétt til samræmis við breytingu í aðalskipulagi.
- Afmarkaðar eru lóðir og byggingarreitir fyrir stíflur.
- Lóð stöðvarhúss/stíflu er stækkuð að sveitarfélagamörkum í Þjórsá.

Að öðru leyti en því sem kemur fram hér að aftan gilda skilmálar eldra deiliskipulags.

Gildandi deiliskipulag var staðfest með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda í desember 2021. Breytt deiliskipulag er í samræmi við gildandi aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rangárþings ytra.

1.1 Skipulagsgögn

Skipulagsuppdrættir eru unnir á grunni loftmynda og hæðarlína frá Loftmyndum ehf., kortagrunnum IS50v frá NÍ, auk grunna sveitarfélagsins. Deiliskipulagsgögn eru unnin í hnitakerfinu ISN93. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Gildandi deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:2.500.
- Breyttur deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:2.500.
- Gildandi yfirlitsuppdráttur deiliskipulags í mkv. 1:12.500.
- Breyttur yfirlitsuppdráttur deiliskipulags í mkv. 1:12.500.
- Greinargerð þessi með skipulagsskilmálum og umhverfismatsskýrslu.

2 FORSENDUR

Unnið er að ýtarlegra fyrirkomulagi mannvirkja Hvammsvirkjunar. Ýmsar hönnunarforsendur hafa breyst við verkhönnun og unnið hefur verið að nánari útfærslu nokkurra þátta deiliskipulagsins.

Í gildandi deiliskipulagi er fjallað um forsendur og staðhætti á svæðinu, s.s. hvað varðar náttúruvar, náttúru- og menningarminjar og dýralíf.

2.1 Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029

Breytt deiliskipulag er í samræmi við skilmála í gildandi aðalskipulagi. Í aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem efnistökusvæði (E26 og E27), iðnaðarsvæði (I15) og óbyggt svæði (ÓB1).

Kafla 2.3.9 Efnistöku- og efnislosunarsvæði

TAFLA 1. Skilmálar aðalskipulags fyrir efnistökusvæðið E26 og E27.

NR.	HEITI	LÝSING	MAGN M3 (ALLT AÐ)	STÆRD Í HA (ALLT AÐ)	FLOKKUR FRAMKVÆMDA SKV. LÖGUM NR. 111/2021 M.S.BR.	JÖRD/SVÆÐI
E26	Hagalón	Sand- og malarnáma	500.000	90	A	Hagi
E27	Hagi	Efnislosunarsvæði	400.000	41,8	A	Hagi

Í aðalskipulaginu er lögð áhersla á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstað. Einnig skal taka tillit til þekktra fornminja, jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar. Jafnframt skal tryggja góða umgengni á nýtingartíma og vandaðan frágang að verki loknu.

Kafla 2.3.7 Iðnaðarsvæði

TAFLA 2. Skilmálar aðalskipulags fyrir iðnaðarsvæðið I15.

NR.	HEITI	LÝSING	JÖRD
I15	Hvammsvirkjun	<p>Gert er ráð fyrir Hvammsvirkjun í Þjórsá og um 4 km² miðlunarlóni, Hagalóni, fyrir hana. Einnig stíflum, lokumannvirkjum og aðkomuvegi. Aðalstífla og inntak virkjunar verða ofan við Viðey. Gert er ráð fyrir efnistöku í lónstæðinu. Stöðvarmannvirki eru staðsett í landi Hvamms í Rangárþingi ytra. Uppsett afl er allt að 95 MW. Ráðgert er að raforka frá virkjuninni tengist inn á Búrfellslínu 1. Göngu- og reiðleið verður um stíflu Hvammsvirkjunar, ofan Viðeyjar. Stærð svæðis er allt að 5 ha.</p> <p>Framkvæmdin samanstendur af stíflumannvirkjum, inntakslóni, lokuvirkjum, fiskvegum, aðrennisskurði, inntaksvirki, niðurgröfnum aðrennislípum, stöðvarhúsi, sveifluþró, aðkomugöngum, frárennislögöngum, frárennisskurði, tengivirki og færslu á núverandi háspennulínu. Sunnan Þjórsár verða stöðvarhús, inntaksvirki, frárennislögöng og skurður, fiskistigi, seiðafleyta o.fl. Aðrennislípur verða grafnar í rás og huldar með fyllingarefni.</p> <p>Mat á umhverfisáhrifum Hvammsvirkjunar liggur fyrir. Mótvægisáðgerðir skv. matsskýrslu eru eftirtaldar:</p> <ul style="list-style-type: none">• Draga úr sýnileika mannvirkja frá ferðaleiðum.• Tryggja að möguleikar til útivistar minnki ekki á framkvæmdatíma, þ.e. með göngu- og reiðleiðum.• Mannvirki verði láttlaus en áhugaverð.• Áferð og litur steinsteypra mannvirkja falli vel að umhverfi.	Minni-Núpur, Fossnes og Hagi. Einnig nokkrar jarðir í Rangárþingi ytra.

NR.	HEITI	LÝSING	JÖRD
		<ul style="list-style-type: none"> • Takmarka sýn að mannvirkjum með gróðri. • Stífla og stíflugarðar verði grædd upp loftmegin þar sem það á við. • Brjóta upp einsleitt útlit stíflugarða með landmótun. • Styrkja strandsvæði, tanga og nes sem standa út í Hagalón. • Forma haugsvæði þannig að þau falli vel að landi. • Nýta svarðlag af framkvæmdsvæði við lokafrágang og/eða viðhalda grenndargróðri. • Græða upp uppblásturssvæði og haugsvæði. • Rækta trjágróður á völdum stöðum á framkvæmdsvæði. • Tryggja lágmarksrennsli 10 m³ /s í farvegi Þjórsár frá stíflu að frárennisskurði virkjunar neðan Ölmóðseyjar. • Endurheimta votlendi á Suðurlandi. 	

Lögð er áhersla á að mannvirki vegna orkuvinnslu falli eins vel að landslagi og annarri landnotkun og mögulegt er.

Kafli 2.4.3 Óbyggð svæði

TAFLA 34. Skilmálar aðalskipulags fyrir Hagaey.

NR	HEITI	ÁKVÆÐI	STÆRD HA
ÓB1	Hagaey	Eyja í Hagalóni.	16,0

2.2 Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028

Breytt deiliskipulag er í samræmi við skilmála í gildandi aðalskipulagi. Í aðalskipulagi er að finna efnistöku- og efnislosunarsvæði (E64 og E126), iðnaðarsvæði (I10), og óbyggt svæði.

Kafli 2.3.9 Efnistöku- og efnislosunarsvæði

TAFLA 45. Skilmálar aðalskipulags fyrir efnistöku- og efnislosunarsvæði.

NR.	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	JÖRD/SVÆÐI
E33	Skarð	Fokmoldarnáma, efnismagn allt að 50.000 m ³ . Stærð er um 3 ha.	Skarð
E34	Skarð	Fokmoldarnáma, efnismagn allt að 200.000 m ³ . Stærð er um 3 ha.	Skarð
E63	Hvammur	Haugsetning á framkvæmdatíma Hvammsvirkjunar. Efnismagn allt að 1.200.000 m ³ . Stærð er um 57 ha.	Hvammur
E64	Hvammur	Haugsetning á framkvæmdatíma Hvammsvirkjunar. Efnismagn allt að 1.200.000 m ³ . Stærð er um 57 ha.	Hvammur
E65	Skarð	Haugsetning á framkvæmdatíma Hvammsvirkjunar. Efnismagn allt að 1.600.000 m ³ . Stærð er um 62 ha.	Skarð
E66	Skarð	Haugsetning á framkvæmdatíma Hvammsvirkjunar. Efnismagn allt að 400.000 m ³ . Stærð er um 7 ha.	Skarð
E67	Skarð	Haugsetning á framkvæmdatíma Hvammsvirkjunar. Haugsett allt að 800.000 m ³ . Heimil er efnistaka allt að 200.000 m ³ . Stærð er um 34 ha.	Skarð og Yrjur

Vanda skal umgengi á vinnslutíma og tryggja sem best að ekki verði fok frá námum.

Kafli 2.3.8 Iðnaðarsvæði

TAFLA 56. Skilmálar aðalskipulags fyrir iðnaðarsvæðið I10

NR.	HEITI	LÝSING	JÖRÐ
I10	Hvammsvirkjun	<p>Aðalstífla og inntak Hvammsvirkjunar verða ofan við Viðey, stöðvarhús og tengivirki í landi Skarðs. Stærð miðlunarlóns, Hagalóns, er um 4,0 km² miðað við lónshæð í 116 m.y.s. Ráðgert er að raforka frá virkjuninni tengist inn á Búrfellslínu 1. Uppsett afl um 95 MW. Göngu- og reiðleið verður um stíflu Hvammsvirkjunar, ofan Viðeyjar.</p> <p>Frankvæmdin samanstendur af stíflumannvirkjum, inntakslóni, lokuvirkjum, fiskvegum, aðrennslisskurði, inntaksvirki, niðurgröfnum aðrennslispípum, stöðvarhúsi, sveifluþró, aðkomugöngum, frárennsligöngum, frárennslisskurði, tengivirki og færslu á núverandi háspennulínu. Sunnan Þjórsár verða fiskistigi og seiðafleyta. Stöðvarhús verður að mestu niðurgrafið en mun standa um 5 m yfir aðliggjandi landi. Aðrennslispípur verða grafnar í rás og huldar með fyllingarefni. Mat á umhverfisáhrifum Hvammsvirkjunar liggur fyrir.</p> <p>Mótvægisáðgerðir skv. matsskýrslu eru eftirtaldar:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Draga úr sýnileika mannvirkja frá ferðaleiðum. • Tryggja að möguleikar til útivistar minnki ekki á frankvæmdatíma, þ.e. með göngu- og reiðleiðum. • Mannvirki verði látlaus en áhugaverð. • Áferð og litur steinteypra mannvirkja falli vel að umhverfi. • Takmarka sýn að mannvirkjum með gróðri. • Stífla og stíflugarðar verði klædd upp loftmegin þar sem það á við. • Brjóta upp einsleitt útlit stíflugarða með landmótun. • Styrkja strandsvæði, tanga og nes sem standa út í Hagalón. • Forma haugsvæði þannig að þau falli vel að landi. • Nýta svarðlag af frankvæmdasvæði við lokafrágang og/eða viðhalda grenndargróðri. • Græða upp uppblásturssvæði og haugsvæði. • Rækta trjágróður á völdum stöðum á frankvæmdasvæði. • Tryggja lámarksrennsli 10 m³ /s í farvegi Þjórsár frá stíflu að frárennslisskurði virkjunar neðan Ölmóðseyjar. • Endurheimta votlendi á Suðurlandi. <p>Stærð svæðis er um 43 ha.</p>	Hvammur, Skarð og Yrjar. Einnig nokkrar jarðir í Skeiða og Gnúpverjahreppi.

Unnið verður að uppbyggingu iðnaðarsvæða til að renna styrkari stoðum undir byggð á svæðinu.

2.3 Minjar

Minjar á svæðinu voru skráðar í tengslum við umhverfismat framkvæmdar árið 2002 og árið 2016 var farið í ítarlegri rannsóknir vegna endurskoðunar umhverfismats. Sama ár voru friðlýstar fornminjar í Ölmóðsey myndaðar úr lofti og afmarkaðar á mynd. Árið 2020 voru útlínur fornminja mældar upp. Samráð hefur verið við Minjastofnun um minjar í nágrenni Ölmóðseyjar og er vinnuvegi að stíflu hnikað til svo hægt sé að hlífa minjum betur, einnig er efnislosunarsvæði E64 breytt lítillega í sama tilgangi.

Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Óheimilt er að hrófla við minjum án heimildar Minjastofnunar.

2.4 Vatnshlot á skipulagssvæðinu

Markmið laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 er að vernda allt vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til að vatn njóti heildstæðar verndar. Að auki er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtíma verndunar vatnsauðlindarinnar.

Á skipulagssvæðinu er að finna eftirtalin grunnvatnshlot skv. vatnavefsjá:

- Tungnaárhraun, 103-308-G, flokkað sem grunnvatn. Umhverfismarkmið er að magnstaða og efnafræðilegt ástand sé gott. Hvort tveggja er óþekkt skv. vatnavefsjá.
- Efri-Þjórsá 103-211-G, flokkað sem grunnvatn. Umhverfismarkmið er að magnstaða og efnafræðilegt ástand sé gott. Hvort tveggja er óþekkt skv. vatnavefsjá.
- Kerlingarfjöll-Hreppar 103-287-G, flokkað sem grunnvatn. Umhverfismarkmið er að magnstaða og efnafræðilegt ástand sé gott. Hvort tveggja er óþekkt skv. vatnavefsjá.

Verkfræðistofan Vatnaskil vann [Mat á áhrifum Hvammsvirkjunar á grunnvatnshlot](#). Er það sett fram í minnisblaði dags. í ágúst 2025. Niðurstöður benda til þess að ekki sé líklegt að framkvæmdir hafi áhrif á grunnvatnshlot.

Á skipulagssvæðinu er að finna eftirtalin straumvatnshlot skv. vatnavefsjá:

- Þjórsá 1 103-663-R, flokkað sem náttúrulegt straumvatn. Áin er mest virkjaða vatnsfall landsins. Umhverfismarkmið er að vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand sé gott og að engin áhætta sé til staðar. Vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand er óflokkað skv. vatnavefsjá.
- Þverá 103-895-R, flokkað sem náttúrulegt straumvatn. Umhverfismarkmið er að vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand sé gott og að engin áhætta sé til staðar. Skv. vatnavefsjá þá er vistfræðilegt ástand mjög gott en efnafræðilegt ástand óþekkt.

Í umsókn um virkjunarleyfi og breytingar á vatnshlotum fyrir Hvammsvirkjun fylgdu ítarlegar greinagerðar um vatnshlotin, unnin af Hafrannsóknastofnun og Veðurstofu Íslands. Þau gögn er að finna á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar.

3 DEILISKIPLAGSBREYTING

Gerð er breyting á greinargerð og skipulagsupprætti.

3.1 Helstu breytingar

Eftirfarandi eru helstu breytingar sem gerðar eru á deiliskiplagi:

- Legu Þjórsárdalsvegur er breytt lítillaga og reiðleiðar með honum. Hluti annarra vega breytist lítillaga. Undirgöng fyrir reiðleið verða undir Þjórsárdalsveg.
- Einhverjir vegir færast lítillaga til og sumir breytast úr vinnuvegi í varanlegan veg.
- Vinnubúðareitur Vb6 breytist og færast til.
- Hagalón er aðlagð að nákvæmari grunnögnum.
- Settur er inn áningarstaður við Þjórsárdalsveg.
- Nýjar lóðir fyrir stíflur.
- Lóð stöðvarhúss er stækkuð að sveitarfélagamörkum í Þjórsá og lóð tengivirkis er stækkuð og færð lítillaga til.
- Á gildandi upprætti er sýnd tilfærsla háspennulínu á framkvæmdatíma. Hún er tímabundin og ekki ástæða til að sýna á upprættinum og er því felld út, en fjallað um tímabundna færslu í greinargerð.
- Staðsetning vatnstanks er leiðrétt.
- Sveitarfélagamörk eru aðlöguð að breyttum mörkum í aðalskiplagi.

3.2 Breytingar á greinargerð

3.2.1 Lóðir (Kafli 4.1)

Texti í gildandi skipulagi

Afmarkaðar eru tvær lóðir á framkvæmdasvæðinu:

- Lóð undir stöðvarhús og stíflumannvirki, Rangárþingi ytra. Lóðin hefur verið afmörkuð og er með landnúmer L230136.
- Lóð undir tengivirki, Rangárþingi ytra. Lóðin er úr landi Skarðssels, L165005.

Í töflu hér að neðan eru byggingaskilmálar og hámarksstærðir bygginga, miðað við hæð yfir jarðvegisfirborði:

BYGGINGASKILMÁLAR				
Lóð	Byggingar	Bygginga magn m ²	Hæð bygginga m	Stærð lóðar m ²
I1	Stöðvarhús verður staðsett innan byggingareits. Þar verða einnig austasti hluti stíflu, flóðgáttir, inntak og þrýstipúpur að stöðvarhúsi, laxastigi, seiðafleyta ásamt brú.	3.000	13,0	345.161
I2	Yfirbyggt tengivirki verður staðsett innan byggingareits.	2.000	12,0	10.000

Texti í breyttu skipulagi

Afmarkaðar eru lóðir á framkvæmdasvæðinu. Hluti lóða hefur fengið heiti og landnúmer í landeignaskrá HMS og er þeim upplýsingum þá bætt við í dálkinn lóð.

Í töflu hér að neðan er gerð grein fyrir lóðum, byggingarreitum, byggingarskilmálum og hámarksstærðum bygginga, miðað við hæð yfir jarðvegisyfirborði. Hluti lóða og byggingarreita er fyrir varnargarða/stifflur.

BYGGINGASKILMÁLAR			
Lóð	Byggingar	Bygginga magn m ²	Stærð lóðar m ²
I1 Hvammur 1 Stöðvarhús L230136	Stöðvarhús verður staðsett innan byggingareits, að miklu leyti neðanjarðar. Það mun standa allt að 8 m yfir aðliggjandi landi en áætlað er að það nái allt að 42 m undir yfirborð. Við inngang og spennna verður land lækkað svo þar mun hús standa um 14 m upp úr landinu. Grunnflötur stöðvarhúss verður um 2300 m ² . Innan byggingareits verða einnig hluti stíflu, flóðgáttir með brú, inntak og þrýstipípur að stöðvarhúsi, laxastigi og seiðafleyta. Vegur/reiðleið verður á stíflumannvirki. Hluti stíflu á austurbakka er einnig innan lóðar. Mesta hæð stíflunnar er um 18 m yfir borni Þjórsárfarvegs. Neyslúvatnstankur verður á sér byggingarreit innan lóðar (Vb7).	7.000	407.991,6
I2 Tengivirki	Heimilt er að vera með yfirbyggt tengivirki, spennahús, aðveitustöð o.fl. sem þarf til að koma ráforku inn á dreifikerfið. Mesta hæð mannvirkja m.v. aðliggjandi land er allt að 15,0 m.	2.000	12.938,2
Hvammur 1 varnargarðar	Lóð / byggingareitur fyrir jarðvegsstíflu í Þjórsá, austan Ölmóðseyjar í Rangárþingi ytra.		14.462,6
Skarðssel varnargarðar	Lóð / byggingareitur fyrir jarðvegsstíflu á suður og austurbakka Hagalóns. Krónubreidd stíflu verður 6-8 m og stífluhæð um 4 m yfir vatnsborði lónsins. Lengd um 4,2 km. Vegur verður meðfram stíflugarði.		354.163,5
Yrjar varnargarðar	Lóð / byggingareitur fyrir jarðvegsstíflu á austurbakka Hagalóns. Vegslóði verður meðfram stíflugarði.		100.596,1
Minni-Núpur / varnargarðar	Vesturhluti stíflu Hagalóns, skilgreint sem iðnaðarsvæði, I15 . Mesta hæð stíflunnar er 18 m yfir botni Þjórsárfarvegs. Heimild fyrir öðrum mannvirkjum tengdum stíflugerð, s.s. yfirfall. Vegur/reiðleið verður yfir stíflu.		94.820,6
Ölmóðsey varnargarðar	Lóð / byggingareitur fyrir jarðvegsstíflu í Þjórsá, austan til í Ölmóðseyjar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.		14.733,3

3.2.2 Fiskivegir (Kafli 4.3.3)

Texti í breyttu skipulagi:

Aftast í kaflann er bætt við eftirfarandi texta:

Við hönnun mannvirkja er heimilt að hnika þeim lítilla til.

3.2.3 Frárennslisgöng/skurður (Kafli 4.3.6)

Texti í gildandi skipulagi:

Frárennslismannvirki verða um 1.200 m löng jarðgöng og þaðan um 2.100 m langur skurður út í megin farveg Þjórsár, suðvestan Ölmóðseyjar, þar af eru um 600 m í núverandi farvegi sunnan Ölmóðseyjar. Göngin verða gerð á hefðbundin hátt með bor- og sprengitækni og verða þau allt að 17 m í þvermál. Göngin opnast út í skurð sem liggur að útfalli við Ölmóðsey.

Mesta dýpt skurðar verður rúmlega 30 m, þar af um 20 m ofan vatnsborðs. Áætluð botnbreidd skurðarins er um 27 m og við vatnsyfirborð um 32-40 m. Heildarbreidd með fláum í hraunkarga verður allt að 80 m. Þar sem skurðurinn opnast út í syðstu kvísl Þjórsár, við Ölmóðsey, þarf að dýpka farveg Þjórsár á um 600 m löngum kafla. Mest verður dýpkunin um 11 m.

Gerð verður jarðvegsstífla í farveg Þjórsár norðaustan Ölmóðseyjar, til að fyrirbyggja rennsli austan og sunnan Ölmóðseyjar.

Texti í breyttu skipulagi:

Frárennslismannvirki verða um 1.200 m löng jarðgöng og þaðan um 2.100 m langur skurður út í megin farveg Þjórsár, suðvestan Ölmóðseyjar, þar af eru um 600 m í núverandi farvegi sunnan Ölmóðseyjar. Göngin verða gerð á hefðbundin hátt með bor- og sprengitækni og verða þau allt að 13 m í þvermál. Göngin opnast út í skurð sem liggur að útfalli við Ölmóðsey.

Mesta dýpt skurðar verður rúmlega 30 m, þar af um 20 m ofan vatnsborðs. Áætluð breidd skurðarins verður um 25 m við vatnsyfirborð en heildarbreidd með fláum í hraunkarga verður allt að 80 m þar sem hann er breiðastur. Þar sem skurðurinn opnast út í syðstu kvísl Þjórsár, við Ölmóðsey, þarf að dýpka farveg Þjórsár á um 600 m löngum kafla. Mest verður dýpkunin um 11 m.

Gerð verður jarðvegsstífla í farveg Þjórsár norðaustan Ölmóðseyjar, til að fyrirbyggja rennsli austan og sunnan Ölmóðseyjar.

3.2.4 Vinnubúðir/Aðstaða verktaka (Kafli 4.5)

Stærð á byggingarreit og skilmálum Vb6 breytist, settur er inn nýr byggingarreitur fyrir vatnstank Vb7.

Tafla í gildandi skipulagi:

BYGGINGAREITIR FYRIR VINNUBÚÐIR		
Nr.	Lýsing	Stærð
Vb1	Gert ráð fyrir þjónustuhúsum starfsmanna og mótuneytum. Gistiskálar verða reistir auk skrifstofubýgginga. Hús verða á einni til tveimur hæðum.	6,0 ha
Vb2	Gert ráð fyrir aðstöðu verktaka, skemmur og plönnum.	1,5 ha
Vb3	Gert ráð fyrir steypustöð og lagersvæði því tengt. Þá er gert ráð fyrir aðstöðu verktaka, skemmur og plönnum, m.a. til viðgerða og viðhalds og til lagerhalds.	8,6 ha
Vb4	Vinnubúðir inn á byggingareit virkjunar, m.a. skemmur og aðstaða verktaka. Lagersvæði.	0,9 ha
Vb5	Gert ráð fyrir allt að 500 m ² geymslu fyrir sprengiefni og verður gerð og frágangur í samræmi við reglugerð um sprengiefni nr. 684/1999 og byggingareglugerð nr. 112/2012. Heimilt verður að geyma allt að 30 tonn af sprengiefni í geymslunni.	0,6 ha
Vb6	Gert er ráð fyrir aðstöðu verktaka, skemmur og plönnum og aðstöðu fyrir starfsmenn.	0,8 ha

Tafla í breyttu skipulagi:

Byggingarreitir fyrir tímabundin mannvirki, s.s. vinnubúðir. Hluti þeirra nær inn á lóðir.

BYGGINGAREITIR FYRIR VINNUBÚÐIR		
Nr.	Lýsing	Stærð m ²
Vb1	Gert ráð fyrir þjónustuhúsum starfsmanna og mótuneytum. Gistiskálar verða reistir auk skrifstofu-bygginga. Hús verða á einni til tveimur hæðum.	60.012,4
Vb2	Gert ráð fyrir aðstöðu verktaka, skemmur og plönnum.	14.964,6
Vb3	Gert ráð fyrir steypustöð og lagersvæði því tengt. Þá er gert ráð fyrir aðstöðu verktaka, skemmur og plönnum, m.a. til viðgerða og viðhalds og til lagerhalds.	84.814,9
Vb4	Vinnubúðir inn á byggingareit virkjunar, m.a. skemmur og aðstaða verktaka. Lagersvæði.	7.925,1
Vb5	Gert ráð fyrir allt að 500 m ² geymslu fyrir sprengiefni og verður gerð og frágangur í samræmi við reglugerð um sprengiefni nr. 684/1999 og byggingareglugerð nr. 112/2012. Heimilt verður að geyma allt að 30 tonn af sprengiefni í geymslunni.	5.965,6
Vb6	Gert er ráð fyrir aðstöðu verktaka, s.s. skemmur og plönnum, lagersvæði og aðstöðu fyrir starfsmenn.	22.930
Vb7	Heimilt er að vera með vatnstank fyrir neysluvatn og mannvirki því tengd, s.s. dæluhús/stjórnstöð.	4.800

3.2.5 Raflínur/tengivirki (Kafli 4.4)

Raflínur/strengir, texti í gildandi skipulagi:

Búrfellslína 1 liggur um framkvæmdasvæðið en færa þarf hana lítillega til norðurs vegna fyrirkomulags mannvirkja. Mest verður línan færð á vesturbakka Þjórsár, um tæplega 300 m til norðurs. Gert er ráð fyrir að settur verði jarðvír á um 2 km kafla beggja vegna tengivirkisins og vegna þess þarf að skipta um 5 möstur austan megin við það. Þá verður Hvammsvirkjun tengd við tengivirkið með um 400 m löngum 245 kV jarðstreng.

Texti í breyttu skipulagi:

Búrfellslína 1 liggur um framkvæmdasvæðið en færa þarf hana lítillega til norðurs vegna fyrirkomulags mannvirkja. Mest verður línan færð á vesturbakka Þjórsár, um tæplega 300 m til norðurs. Gert er ráð fyrir að settur verði jarðvír á um 1,5 km kafla beggja vegna tengivirkisins og vegna þess þarf að skipta um 5 möstur austan megin við það. Hvammsvirkjun verður tengd við tengivirkið með um 500 m löngum 245 kV rafstreng sem settur verður í jörð. Heimilt er að færa háspennulínu tímabundið meðan á byggingaframkvæmdum stendur en línur verða—og færðar í endanlega legu við lok framkvæmda.

3.2.6 Veitur (Kafli 4.6)

Neysluvatn, texti í gildandi skipulagi:

Vatn verður tekið úr borholu skammt austan væntanlegs stöðvarhúss. Gert er ráð fyrir að sú borhola muni nýtast vinnubúðum og síðar virkjuninni í rekstri. Gert er ráð fyrir að reisa neysluvatnstank í grennd við borholuna, sem einnig mun nýtast sem slökkivatn. Hugsanlega verður borað sérstaklega eftir vatni fyrir vinnubúðir við suðvesturenda vinnubúðasvæðis Vb1. Haft verður samráð við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands um nákvæma staðsetningu vatnsbóls og frágang þess.

Neysluvatn, texti í breyttu skipulagi:

Vatn verður tekið úr borholum skammt austan væntanlegs stöðvarhúss, [gróf staðsetning borhola og verndarsvæða er sýnd á uppdrætti](#). Gert er ráð fyrir að borholur geti nýst vinnubúðum og síðar virkjuninni í rekstri. Gert er ráð fyrir að reisa neysluvatnstank uppi á hæð í grennd við borholur, sem einnig mun nýtast sem slökkvivatn. [Heimilt er hugsanlega verður að borað](#) sérstaklega eftir vatni fyrir vinnubúðir við suðvesturenda vinnubúðasvæðis Vb1.

Rafmagn/fjarskipti

Aftast í kaflann er bætt við eftirfarandi texta:

Innan skipulagssvæðisins verður dreifiveita rafmagns. Dreifiveita samanstendur af dreifistöðvum og rafstr-engjum. Dreifistöðvar eru allt að 15 m² hús eða gámar sem hýsa rofabúnað til dreifingar rafmagns um framkvæmdasvæðið. Milli dreifistöðva og út frá þeim liggja rafstrengir í jörðu að notkunarstað og myndar þetta heildstætt kerfi innan svæðisins. Við verklok verða dreifistöðvar fjarlægðar, en rafstrengir tengdir saman og við aflstöð Hvammsvirkjunar, og þjóna sem vara- og neyðarafli, auk þess að fæða rafmagn í hin ýmsu mannvirki og búnað virkjunarinnar.

3.2.7 Aðalvegir (Kafli 4.7.1)

Vegur með stíflugarði færast úr því að vera vinnuvegur yfir í að vera varanlegur vegur vegna viðhalds á stíflu. Lega Gnúpverjavegar hníkast líttilla til, miðað við gildandi deiliskipulag.

Tafla yfir vegi í gildandi skipulagi:

Eftirtaldir vegaframkvæmdir verða gerðar samfara framkvæmdum við Hvammsvirkjun:

NÚVERANDI VEGIR OG NÝIR AÐKOMUVEGIR			
Vegir nr.	Nafn	Lýsing	Sveitarfélag
32	Þjórsárdalsvegur	Stofnvegur. Vegna lóns þarf að færa vegstæði á um 5,3 km kafla og verður vegurinn endurhannaður á um 7 km kafla. Ný brú/ræsi verður í fyrrum farvegi Þverár þar sem vegstæði færast til á um 1,8 km löngum kafla. Austar verður vegurinn færður til suðurs á 3,5 km löngum kafla neðan við bæinn Haga.	Skeiða- og Gnúp.
325	Gnúpverjavegur	Tengivegur. Austasti hluti vegarins, frá Þjórsárdalsvegi og í átt að bænum Fossnesi, fer undir Hagalón og verður vegurinn færður til vesturs á um 400 m kafla.	Skeiða- og Gnúp.
	Aðkomuvegur að Hvammsvirkjun	Megin aðkoma að Hvammsvirkjun er frá Landvegi (26) um Hvammsveg (2791). Sá vegur verður endurbættur og lagður slitlagi á alls 3 km kafla. Frá honum verður gerður uppbyggður vegur að stöðvarhúsi, stíflu og tengivirki, alls um 3 km. Lagt verður slitlag á veginn. Nýi vegurinn verður lokaður fyrir almennri umferð með hliði.	Rang. ytra
	Aðkoma frá Þjórsárdalsvegi	Aðkoma verður að stöðvarhúsi af Þjórsárdalsvegi (32) um stífluna. Léttbyggð brú verður gerð á yfirfall virkjunar. Aðkoman verður eingöngu nýtt sem vinnuvegur starfsmanna á rekstrartíma virkjunar. Lengd um 1 km.	Skeiða- og Gnúp.

Tafla og texti í breyttu skipulagi:

Bætt er við eftirfarandi texta:

Þar sem vegtengingar eru við Þjóðveg skal móta vinnuveg hornrétt á hann og byggja undir vinnuveg a.m.k. 20 m frá vegtengingu til að tryggja óskert útsýni úr vinnutækjum inn á veginn.

Eftirtaldar vegaframkvæmdir verða gerðar samfara framkvæmdum við Hvammsvirkjun:

NÚVERANDI VEGIR OG NÝIR AÐKOMUVEGIR			
Vegir nr.	Nafn	Lýsing	Sveitarfélag
32	Þjórsárdalsvegur	Stofnvegur. Vegna lóns þarf að færa vegstæði á um 5,3 km kafla og verður vegurinn endurhannaður á um 7 km kafla. Ný brú/ræsi verður í fyrrum farvegi Þverár þar sem vegstæði færast til á um 1,8 km löngum kafla. Austar verður vegurinn færður til suðurs á 3,5 km löngum kafla neðan við bæinn Haga. Heimilt er að gera undirgöng fyrir hestaumferð undir veginn.	Skeiða- og Gnúp.
325	Gnúpverjavegur	Tengivegur. Austasti hluti vegarins, frá Þjórsárdalsvegi og í átt að bænum Fossnesi, fer undir Hagalón og verður vegurinn færður til vesturs á um 400 m kafla.	Skeiða- og Gnúp.
	Aðkomuvegur að Hvammsvirkjun	Megin aðkoma að Hvammsvirkjun er frá Landvegi (26) um Hvammsveg (2791). Frá honum er uppbyggður vegur með slitlagi að stöðvarhúsi, stíflu og tengivirki, alls um 3 km. Vegur ætlaður starfsfólki á rekstrartíma virkjunar. Lengd um 3 km.	Rang. ytra
	Aðkoma frá Þjórsárdalsvegi	Aðkoma verður að stöðvarhúsi af Þjórsárdalsvegi (32) um stífluna. Líttbyggð brú verður gerð á yfirfall virkjunar. Vegur ætlaður starfsfólki á rekstrartíma virkjunar. Lengd um 1 km.	Skeiða- og Gnúp.
	Stíflugarðar	Vegur meðfram stíflugörðum við Hagalón austan Þjórsár. Vegurinn er vinnuvegur , nýttur á rekstrartíma virkjunar.	Rang. ytra
	Stífla við Ölmóðsey	Gerður verður vegur af aðkomuvegi Hvammsvirkjunar niður með frárennisskurði, að norðanverðu, að stíflu við Ölmóðsey, alls um 1,9 km. Af þessum vegi verða vinnuvegir, annars vegar að efnislosunarsvæði í Þjórsá, E64 og hins vegar niður að farvegi Þjórsár, alls um 500 m.	Rang. ytra
	Frárennisskurður	Lagður verður vegur af aðkomuvegi Hvammsvirkjunar sunnan frárennisskurðar. Vegurinn mun liggja inn á efnislosunarsvæði E63 og verður að hluta endurbættur línuvegur með Búrfellslínu 3. Þá verður lagður vegur áfram niður með frárennisskurði.	Rang. ytra

3.2.8 Vinnuvegir og slóðar (Kafli 4.7.2)

Legu vinnuvegar næst stíflu við Ölmóðsey breytist vegna athugasemda frá Minjastofnun. Útfærslan hefur verið samþykkt af stofnuninni.

Texti í gildandi skipulagi:

VINNUVEGIR OG SLÓÐAR		
Nafn	Lýsing	Sveitarfél.
Línuvegur með Búrfellslínu	Endurbættur verða gerðar á hluta línuvegur með Búrfellslínu 1.	Rang. ytra
Stíflugarðar	Gerður verður vegur meðfram stíflugörðum við Hagalón austan Þjórsár. Vegurinn verður vinnuvegur, nýttur á rekstrartíma virkjunar, alls um 4,2 km.	Rang. ytra

VINNUVEGIR OG SLÓÐAR		
Stífla við Ölmóðsey	Gerður verður vegur af aðkomuvegi Hvammsvirkjunar niður með frárennisskurði, að norðanverðu, að stíflu við Ölmóðsey, alls um 1,9 km. Af þessum vinnuvegi verða vinnuvegir, annars vegar að efnislosunarsvæði í Þjórsá, E64 og hins vegar niður að farvegi Þjórsár, alls um 500 m.	Rang. ytra
Frárennisskurður	Lagður verður vegur af aðkomuvegi Hvammsvirkjunar sunnan frárennisskurðar. Vegurinn mun liggja inn á efnislosunarsvæði E63 og verður að hluta endurbættur línuvegur með Búrfellslínu 3. Þá verður lagður vegur áfram niður með frárennisskurði.	Rang. ytra

Texti í breyttu skipulagi:

Heimil er minniháttar tilfærsla á legu slóða innan svæðis án þess að deiliskipulagi sé breytt. **-Gerðir verða tímabundnir vinnuvegir, m.a. inn á efnistöku- og efnislosunarsvæðisvæði sem verða fjarlægðir í samráði við landeigenda verði þeirra ekki þörf að framkvæmdum loknum.**

VINNUVEGIR OG SLÓÐAR		
Nafn	Lýsing	Sveitarfél.
Línuvegur með Búrfellslínu	Endurbætur verða gerðar á hluta línuvegar með Búrfellslínu 1.	Rang. ytra

3.2.9 Áningarstaður (Kafli 4.7.3)

Bætt er við nýjum kafla um áningarstaði.

Við veltengingu Hvammsvirkjunar við Þjórsárdalsveg er á framkvæmdatíma heimilt að vera með áningarstað. Enda sést þaðan vel yfir framkvæmdasvæði virkjunarinnar. Heimilt er að vera með bílastæði fyrir allt að 10 bíla og tvær rútur. Einnig upplýsingaskilti, borð og bekkir ásamt stígum og áningarhólfi fyrir hesta. Að framkvæmdum loknum verður skoðað hvort áningarstaðurinn verði áfram, umfang hans minnkað eða hann fjarlægður. Áfram verður heimilt að vera með áningarhólf fyrir hesta.

Við lok framkvæmda verður útbúinn varanlegur áningarstaður þar sem er gott útsýni yfir Hagalón, mannvirki Hvammsvirkjunar, ásamt góðri fjallasýn til austurs. Heimilt er að vera með bílastæði, rútustæði, upplýsingaskilti, borð og bekkir ásamt stígum. Vanda skal frágang svæðisins og aðlaga það að landi umhverfis.

3.2.10 Efnistökusvæði (Kafli 4.8.1)

Texti í gildandi skipulagi:

Efnistökusvæði eru talin upp í eftirfarandi töflu:

EFNISTÖKUSVÆÐI					
Náma nr.	Staður	Efni	Magn m ³	Flatarmál ha	Sveitarfélag
E67	Skarð/ Yrjur	Grjót	200.000	16,7	Rang. ytra
E33	Skarð	Fokmold	50.000	3,0	Rang. ytra
E34	Skarð	Fokmold	200.000	18,0	Rang. ytra
E26	Lónsstæði (tvískipt svæði)	Sandur og mól	500.000	90,0	Skeiða- og Gnúp.

Efnisnám og efnisflutningar verða eftir því sem kostur er takmarkaðir við virkjunarsvæðið. Gert er ráð fyrir fokmoldarnámu norðan í Skarðsfjalli ef þörf verður á meira efni en fellur til við gerð stíflugarða á austurbakka Hagalóns (E34).

Svæðið E67 er efnislosunarsvæði en verður fyrst í stað nýtt til grjótnáms, ef ekki fellur til nægilega mikið efni við framkvæmdir.

Svæði E26 er tvískipt og liggur í væntanlegu lónstæði, er skilgreint sem efnistökusvæði í aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Landslagsarkitekt mun hanna landmótun og frágang efnistöku- og haugsetningarsvæða, sjá kafla 4.11. Við landslagshönnun svæðanna verður lögð áhersla á að landmótun og frágangur falli sem best að umhverfinu. Svæðin verða grædd upp í samræmi við úrskurð Skipulagsstofnunar í mati á umhverfisáhrifum frá 2003.

Námur til vegagerðar

Efni til vegagerðar verður fengið úr uppgreftri vegna annarra mannvirkja virkjunarinnar og efnisnámu sem að ofan eru taldar, nema hvað efni í klæðningu verður flutt að. Gert er ráð fyrir að vegir að stöðvarhúsi frá Þjórsárdalsvegi og frá Hvammsvegi verði lagðir slitlagi, alls um 7,5 km. Aðrir vegir verða með malaryfirborði.

Gerð verður grein fyrir efnistökusvæðum vegna uppbyggingar núverandi Hvammsvegur, Gnúpverjavegar og Þjórsárdalsvegur í framkvæmdaleyfisgögnum vegna þeirra.

Efni í stíflu/jarðvegsgarða og steypuefni

Jarðvegsefni til stíflugerðar munu að mestu koma úr uppgreftri vegna annarra mannvirkja virkjunarinnar. Grjót, mól, sandur og fokmold verða notuð sem fyllingarefni.

Grjót í stíflur og ölduvörn mun falla til við gerð frárennisskurðar og aðra jarðvinnu. Verði þörf á viðbótarefni er gert ráð fyrir námu E67, sem nýtt verður á síðari stigum sem efnislosunarsvæði. Steypuefni verður unnið úr námu E26 í lónstæði og sprengdu efni úr skurðum og stöðvarhússtæði.

Texti í breyttu skipulagi:

Efnistökusvæði innan skipulagssvæðisins eru talin upp í eftirfarandi töflu:

EFNISTÖKUSVÆÐI					
Náma nr.	Staður	Efni	Magn m ³	Flatarmál ha	Sveitarfélag
E67	Skarð/ Yrjur	Grjót	200.000	16,7	Rang. ytra
E33	Skarð	Fokmold	50.000	3,0	Rang. ytra
E34	Skarð	Fokmold	200.000	18,0	Rang. ytra
E26	Lónstæði	Sandur og mól	500.000	90,0	Skeiða- og Gnúp.

Efnisnám og efnisflutningar verða eftir því sem kostur er takmarkaðir við virkjunarsvæðið. Gert er ráð fyrir fokmoldarnámu norðan í Skarðsfjalli ef þörf verður á meira efni en fellur til við gerð stíflugarða á austurbakka Hagalóns (E34).

Svæðið E67 er efnislosunarsvæði en verður fyrst í stað nýtt til grjótnáms, ef ekki fellur til nægilega mikið efni við framkvæmdir. Eins verður efni í þéttikjarna sótt í námu E8 á Búðarhálsi í Ásahreppi ef þess þarf.

Commented [ÁJ1]: Ath hafa skýrara t.d. svona gráan borða alltaf ekki bara stundum- e.t.v. hafa texta:

Efnistökusvæði E26 er ekki sýnt á deiliskipulagsupprætti, enda fer svæðið undir Hagalón við lok framkvæmda. Heimilt er að vinna allt að 500.000 m³ af efni úr lónsstæði Hagalóns. Svæðið er **skilgreint** efnistökusvæði E26 í aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps og er heimilað að vinna efnismagn í samræmi við skilmála aðalskipulags.

Landslagsarkitekt mun hanna landmótun og frágang efnistöku- og haugsetningarsvæða, sjá kafla 4.11. Við landslagshönnun svæðanna verður lögð áhersla á að landmótun og að frágangur falli sem best að umhverfinu. Svæðin verða grædd upp í samræmi við úrskurð Skipulagsstofnunar (HMS) í mati á umhverfisáhrifum frá 2003.

Námur til vegagerðar

Efni til vegagerðar verður fengið úr uppgreftri vegna annarra mannvirkja virkjunarinnar og efnisnánum sem að ofan eru taldar, nema hvað efni í klæðningu verður flutt að. Gert er ráð fyrir að vegir að stöðvarhúsi frá Þjórsárdalsvegi og frá Hvammsvegi verði lagðir slitlagi, alls um 7,5 km. Aðrir vegir verða með malarýfirborði.

Gerð verður grein fyrir efnistökusvæðum vegna uppbyggingar núverandi Hvammsvegur, Gnúpverjavegar og Þjórsárdalsvegur í framkvæmdaleyfsgögnum vegna þeirra.

Efni í stíflu/jarðvegsgarða og steypuefni

Jarðvegsefni til stíflugerðar mun að mestu koma úr uppgreftri vegna annarra mannvirkja virkjunarinnar. Grjót, möl, sandur og fokmold verða notuð sem fyllingarefni.

Grjót í stíflur og ölduvörn mun falla til við gerð frárennisskurðar og aðra jarðvinnu. Verði þörf á viðbótarefni er gert ráð fyrir námu E67 Skarð/Yrjur, sem nýtt verður á síðari stigum sem efnislosunarsvæði. Steypuefni verður unnið úr lónsstæði og sprengdu efni úr skurðum og stöðvarhússtæði.

3.2.11 Efnislosunarsvæði (Kafli 4.8.2)

Gerð er breyting á stærð efnislosunarsvæðisins E64 vegna helgunarsvæðis minja.

Tafla í gildandi skipulagi

Efnislosunarsvæði eru eftirfarandi:

HAUGSVÆÐI	STAÐUR	MAGN M3	FLATARMÁL	SVEITARFÉLAG
E27	Hagi	400.000	41,8 ha	Skeiða- og Gnúp.
E63	Hvammur	1.200.000	56,6 ha	Rangárþing ytra
E64	Hvammur	100.000	5,1 ha	Rangárþing ytra
E65	Skarð	1.600.000	62,0 ha	Rangárþing ytra
E66	Skarð	400.000	7,0 ha	Rangárþing ytra
E67	Skarð/Yrjur	800.000	34,1 ha	Rangárþing ytra

Tafla í breyttu skipulagi

Efnislosunarsvæðið E64 minnkar lítillega, **skv. samkomulagi við Minjastofnun**. Efnislosunarsvæði eru eftirfarandi:

HAUGSVÆÐI	STAÐUR	MAGN M3	FLATARMÁL	SVEITARFÉLAG
E27	Hagi	400.000	41,8 ha	Skeiða- og Gnúp.
E63	Hvammur	1.200.000	56,6 ha	Rangárþing ytra
E64	Hvammur	100.000	4,89 ha	Rangárþing ytra
E65	Skarð	1.600.000	62,0 ha	Rangárþing ytra
E66	Skarð	400.000	7,0 ha	Rangárþing ytra
E67	Skarð/Yrjur	800.000	34,1 ha	Rangárþing ytra

4 UMhverfismatsskýrsla

Meta skal líkleg umhverfisáhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfir svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásynd, útsýni, varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til.

4.1 Matsspurningar og viðmið

Stefna í breyttu deiliskipulagi er í samræmi við heimildir í aðalskipulagi og einnig í gildandi deiliskipulagi, þó þeim sé aðeins breytt. Því eru líkleg áhrif breytingarinnar metin út frá umhverfisviðmiðum í töflu hér fyrir neðan en ekki bornir saman valkostir.

TAFLA 67. Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið.

UMhverfisþáttur	UMhverfisviðmið	MATSPURNINGAR
Land og landslag <i>Landslag. Jarðmyndanir. Ásynd og sjónræn áhrif.</i>	Aðalskipulag. <ul style="list-style-type: none"> Landnotkun stuðli að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru, menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Landsskipulagsstefna 2024-2038. <ul style="list-style-type: none"> Skipulag landnotkunar í dreifbýli styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættri stefnu um byggðabróun í þéttbýli og dreifbýli. Ákvarðanir um ráðstöfun lands fyrir uppbyggingu taki mið af staðar-einkennum, svo sem viðernum, sérkennum landbún-aðarlands, verndarsvæðum, varðveislu nýttjalds og menningarlandslags. 	Hefur stefnan áhrif á landslag? Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir? Hefur stefnan áhrif á ásynd svæðis?
Gróður og dýr <i>Gróðurlendi og vistkerfi</i>	Landsskipulagsstefna 2024-2038 <ul style="list-style-type: none"> Áhersla á verndun víðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróðurlenda og menningarminja. 	Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi?
Samfélag <i>Íbúar. Atvinnulíf.</i>	Aðalskipulag. <ul style="list-style-type: none"> Áhersla er á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstað efnis. Leita hagkvæmra lausna í samgöngum samhliða því að stuðla að betra umferðar- og rekstraröryggi. Landsskipulagsstefna 2024-2038. <ul style="list-style-type: none"> Gæta skal að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og byggð skal ekki ganga að óþörfu á svæði sem henta vel til ræktunar eða eru verðmæt vegna náttúruverndar. 	Hefur stefnan áhrif á íbúa? Hefur stefnan áhrif á atvinnulíf?
Minjar <i>Fornminjar.</i>	Aðalskipulag. <ul style="list-style-type: none"> Varðveita sögu-, náttúru- og menningarminjar og önnur umhverfisleg gæði. 	Hefur stefnan áhrif á minjar?
Vatn <i>Ár, vötn og grunnvatn</i>	Vatnaáætlun 2022-2027	Hefur stefnan áhrif á vatnsgæði og vatnavistkerfi?

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
	<ul style="list-style-type: none"> Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa þar sem þess er þörf til að vatn njóti heildstæðrar verndar. Stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. 	
Loft	<p>Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018-2030.</p> <ul style="list-style-type: none"> Orkuskipti í vegasamgöngum, átak í kolefnisbindingu, bættri landnotkun, skógrækt, landgræðsla, endurheimt votlendis. 	Hefur stefnan áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda?

4.2 Umhverfisáhrif

Gerð er grein fyrir líklegum áhrifum af stefnu deiliskipulagsbreytingarinnar.

Áhrif á land og landslag eru óveruleg og ekki talin verða umfram það sem er vegna stefnu í eldra deiliskipulagi.

Áhrif á gróður og dýr eru óveruleg. Áhrif af stefnu deiliskipulagsbreytingar eru metin óveruleg og ekki talin verða umfram það sem er vegna stefnu í eldra deiliskipulagi.

Áhrif á samfélag eru jákvæð því gerður verður nýr útsýnis- og áningarstaður fyrir ferðamenn ásamt reiðleið með Þjórsárdalsvegi og undirgöngum undir hann til að auðvelda för hestamanna. Breytingar á Þjórsárdalsvegi bæta umferðaröryggi.

Áhrif á minjar eru jákvæð því vinnuvegur er færður fjær minjum við Ölmóðsey og efnistökusvæði minnkað út fyrir helgunarsvæði þeirra.

Áhrif á vatn eru óveruleg vegna breyttrar útfærslu í deiliskipulagi.

Áhrif á loft eru óveruleg vegna stefnu í breyttu deiliskipulagi.

4.2.1 Niðurstaða

Í heild er umfang breytinga frá gildandi deiliskipulagi lítið og áhrif breytinga metin óveruleg eða jákvæð á umhverfisþætti. Endurbætur á Þjórsárdalsvegi eru hluti af framkvæmdum sem fara þarf í og eru þær m.a. gerðar til að bæta umferðaröryggi. Lega vegarins hefur aðeins breyst vegna nákvæmari hönnunar og þeirra krafna sem gerðar eru til stofnvega af þessari gerð. Sömu leiðis leiðir breytt lega vinnuvegar nálægt Ölmóðsey til þess að minjar verða betur varðveittar.

5 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Deiliskipulagsbreytingin er unnin og kynnt skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Breytingin verður auglýst í skipulagsgátt HMS. Óskað verður eftir umsögnum um deiliskipulagsbreytinguna frá eftirtöldum aðilum:

- Náttúruverndarstofnun
- Umhverfis- og orkustofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Landsnet

- Veiðifélag Þjórsár
- Hafrannsóknarstofnun
- Fiskistofa
- Land og skógur
- Matvælastofnun (sauðfjárveikivarnir)
- Ferðamálastofa

Reiknað er með að breytt deiliskipulag verði auglýst í sumar og staðfest næsta vetur.

VINNUSKJAL